

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-rikkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2009/EES/30/01</b>		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 387/06/COL frá 13. desember 2006 um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, að því er varðar stöðluð eyðublöð fyrir tilkynningar um aðstoð . . . . .	<b>1</b>
<b>2009/EES/30/02</b>		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 637/08/COL frá 8. október 2008 um sextugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar . . . . .	<b>21</b>
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2009/EES/30/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5476 – Pfizer/Wyeth). . . . .	<b>23</b>
<b>2009/EES/30/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5505 – Celesio/pharmexx) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>24</b>
<b>2009/EES/30/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5525 – TUI Travel/Oscrivia/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>25</b>
<b>2009/EES/30/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5545 – ArcelorMittal/Noble European Holding) . . . . .	<b>26</b>

<b>2009/EES/30/07</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5548 – Barclays/RBS/Hillary) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	27
<b>2009/EES/30/08</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5550 – BP/DuPont/JV) . . . . .	28
<b>2009/EES/30/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5553 – Perdigão/Sadia) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . .	29
<b>2009/EES/30/10</b>	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 13/2009 (áður N 614/08) – Frakkland – Ráðstafanir í þágu hafnarekstrar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	30
<b>2009/EES/30/11</b>	Ríkisaðstoð – Holland – Málsnúmer C 11/09 (áður NN 53/B/08) – Meint aðstoð við Fortis Bank Nederland og eignarhluta fyrirtækisins í ABN – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	30
<b>2009/EES/30/12</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við . . . . .	31
<b>2009/EES/30/13</b>	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/04/09 – Fræðslustarf. . . . .	36
<b>2009/EES/30/14</b>	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/12/09 – Áætlunin „Virk æska“ – Aðgerð 4.4 – Verkefni sem stuðla að skapandi hugsun og nýsköpun á sviði æskulýðsmála. . . . .	38
<b>2009/EES/30/15</b>	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. apríl 2009 til 30. apríl 2009 . . . . .	38

### **3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2009/EES/30/01

387/06/COL

frá 13. desember 2006

**um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL um framkvæmdar-  
ákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna  
um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, að því er varðar stöðluð eyðublað fyrir  
tilkynningar um aðstoð**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(1)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 27. gr. II. hluta bókunar 3,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinn 14. júlí 2004 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun 195/04/COL um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(3)</sup>.

Með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL var komið á skyldubundnu stöðluðu eyðublaði fyrir tilkynningar um ríkisaðstoð.

Eftirlitsstofnunin hefur samþykkt nýjar leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð fyrir tímabilið 2007–2013 <sup>(4)</sup> sem gilda um alla byggðaaðstoð sem verður veitt eftir 31. desember 2006.

Í tengslum við samþykkt nýrra bandalagsleiðbeininga um landsbundna byggðaaðstoð fyrir tímabilið 2007–2013 <sup>(5)</sup> hefur framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna breytt tilteknum hlutum tilkynningareyðublaðsins <sup>(6)</sup>.

Í kjölfar þess að Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt nýjar leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð fyrir tímabilið 2007–2013 er nauðsynlegt að breyta tilteknum hlutum tilkynningareyðublaðsins í ákvörðun 195/04/COL.

Haft var samráð við ráðgjafarnefnd um ríkisaðstoð með bréfi dagsettu 21. nóvember 2006 á grundvelli 29. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(1)</sup> Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(2)</sup> Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 85/06/COL frá 6. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 54, 28.2.2008, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 11, 28.2.2008). Kafli 25B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð samsvarar orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð 2007–2013, Stjtið. ESB C, 4.3.2006, bls. 13.

<sup>(5)</sup> Orðsending framkvæmdastjórnarinnar – Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð 2007–2013, Stjtið. ESB C 54, 4.3.2006, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1627/2006 frá 24. október 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 að því er varðar stöðluð tilkynningareyðublað fyrir ríkisaðstoð (Stjtið. ESB L 302, 1.11.2006, bls. 10).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. viðauki við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL breytist í samræmi við viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins og Konungsríkisins Noregs.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún öðlast samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa ákvörðunar þessarar.

Gjört í Brussel 13. desember 2006

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

**Björn T. Grydeland**

forseti

**Kristján Andri Stefánsson**

stjórnarmaður

## VIÐAUKI

## HLUTI III.4

## VIÐBÓTARUPPLÝSINGAEYÐUBLAÐ FYRIR BYGGÐAÐSTOÐ

Þetta viðbótarupplýsingaeýðublað skal nota til er tilkynnt er um hvers kyns aðstoðarkerfi eða staka aðstoð sem fellur undir ákvæði kafla 25B í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð – Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð fyrir tímabilið 2007–2013 (hér á eftir nefndar leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð) <sup>(1)</sup>.

Ekki má nota þennan viðauka í þeim sérstaka tilgangi að tilkynna ný byggðakort fyrir tímabilið 2007–2013. Gagnsæ kerfi fjárfestingaraðstoðar, sem falla undir gildissvið undanþágureglugerðarinnar um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð, eru undanþegin tilkynningarskyldunni. Því eru EFTA-ríkin beðin að tilgreina nánar umfang tilkynninga sinna. Í þeim sérstöku tilvikum að aðstoðarkerfi tekur bæði til gagnsærra og ógagnsærra tegunda fjárfestingaraðstoðar eru EFTA-ríkin beðin að takmarka tilkynninguna við síðari tegundina.

Þegar um ræðir sérákveðna aðstoð (þ.e. aðstoð sem er veitt utan gildandi aðstoðarkerfa) verða EFTA-ríkin að sýna fram á að verkefnið stuðli að samræmdri byggðaþróun og að það, að teknu tilliti til eðlis og stærðar verkefnisins, leiði ekki til óviðunandi röskunar á samkeppni. Þá þurfa EFTA-ríkin að sýna fram á að aðstoðin miðist ekki úr hófi við tiltekið athafnasvið og að hún hafi engin óhagstæð atvinnugreinabundin áhrif.

Afhenda skal annað viðbótarupplýsingaeýðublað (hluti III.5) þegar tilkynnt er um svæðisbundna fjárfestingaraðstoð til stórra fjárfestingaverkefna í samræmi við undirkafla 25B.4.3 í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð.

## 1. Kerfi eða sérákveðin aðstoð

Kerfið eða sérákveðna aðstoðin varðar

- 1.1.  upphaflega fjárfestingu
- Aðstoðin er reiknuð sem hlutfall af styrkhæfum efnislegum og óefnislegum kostnaði fjárfestingarinnar
- Aðstoðin er reiknuð sem hlutfall af áætluðum launakostnaði þeirra einstaklinga sem verða ráðnir
- rekstraraðstoð
- aðstoð við nýstofnuð smáfyrtæki
- blöndu af þessu

## 1.2. Aðstoðin er veitt:

- sjálfkrafa, sé skilyrðum kerfisins fullnægt
- samkvæmt mati stjórnvalda

Ef veita á aðstoð samkvæmt mati stjórnvalda skal lýsa í stuttu máli þeim viðmiðum sem er fylgt og eintak af þeim stjórnsýsluákvæðum sem gilda um úthlutun aðstoðarinnar látið fylgja með:

.....

.....

- 1.3. Er aðstoðin innan efri marka aðstoðar samkvæmt gildandi byggðakorti þegar aðstoðinni er úthlutað, þ.m.t. þeirra marka sem leiðir af gildandi ákvæðum um aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna (sbr. undirkafla 25B.4.3 í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð)?

já  nei

Hefur kerfið að geyma tilvisun í gildandi byggðakort?

já  nei

<sup>(1)</sup> Kafli 25B í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð – Leiðbeiningar um landsbundna byggðaaðstoð 2007–2013 var samþykktur með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 85/06/COL frá 6. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 54, 28.2.2008, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 11, 28.2.2008).

## 2. Aðstoð í tengslum við upphaflega fjárfestingu

2.1. Tekur kerfið til fjárfestinga í fastafjármunum eða atvinnusköpun sem tengist upphaflegri fjárfestingu í tengslum við:

- stofnsetningu nýrrar starfsstöðvar?
- stækkun starfsstöðvar sem fyrir er?
- aukna fjölbreytni í framleiðslu starfsstöðvar í formi nýrra viðbótarvara?
- grundvallarbreytingu á heildarframleiðsluferli starfandi fyrirtækis?
- kaup óháðs fjárfestis á fjármunaeignum sem tengjast beint fyrirtæki sem hefur verið lokað eða myndi hafa verið lokað hefði það ekki verið keypt?

2.2. Ef aðstoðin er reiknuð á grundvelli kostnaðar vegna fjárfestingar í efnislegum eða óefnislegum eignum eða kaupverðs, þegar um yfirtöku er að ræða, felur aðstoðin þá í sér ákvæði um að fjárframlag styrkþega sé a.m.k. 25% af styrkhæfum heildarkostnaði og að þetta framlag sé laust við hvers kyns stuðning frá hinu opinbera, þ.m.t. minniháttaraðstoð?

já  nei

2.3. Ef aðstoðin er veitt sjálfkrafa á grundvelli hlutlægra viðmiðana með lagaheimild sem veitir styrkþegum rétt til að fá aðstoð, útilokar kerfið þá úthlutun aðstoðar til verkefna sem hafist var handa við áður en lagaheimildin öðlaðist gildi?

já  nei

Ef aðstoðin er ekki veitt sjálfkrafa gerir kerfið þá ráð fyrir að leggja verði fram umsókn um aðstoð áður en hafist er handa við verkefnið og að þar til bær yfirvöld verði að hafa staðfest skriflega að verkefnið fullnægi að meginstefnu til skilyrðunum um styrkhæfi sem mælt er fyrir um í kerfinu (sjá 30. mgr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð)?

já  nei

Ef um ræðir staka aðstoð gáfu þar til bær yfirvöld loforð um að veita aðstoð áður en hafist var handa við verkefnið, sem er skilyrði þess að Eftirlitsstofnun EFTA samþykki ráðstöfunina?

já  nei

Ef skilyrðum einhverra af ofangreindum liðum er ekki fullnægt skal greina frá ástæðum þess og hvernig yfirvöld ætla að uppfylla nauðsynleg skilyrði:

.....

2.4. Hver eru verg aðstoðarhlutföll samkvæmt kerfinu eða sérákveðnu aðstoðinni?

.....

Hvaða breytur eru notaðar til að reikna aðstoðarhlutföll?

.....

2.4.1.  Styrkir

að nafnvirði

.....

í (afreiknuðu) núvirði

.....

2.4.2.  *Skattundanþágur:*

Hvert er núvirði skattaundanþágu og hvaða aðstoðarlutfall gefur það?

.....

2.4.3.  *Opinber lán með hagfelldum kjörum*

hámarkslánstími:

.....

hámarkslánshlutfall (upphæð lánsins sem hundraðshluti af styrkhæfri fjárfestingu):

.....

hámarksgjaldfrestur:

.....

lágmarksvextir:

.....

– Er lánið tryggt með venjulegum tryggingum sem bankar krefjast?

já  nei

ef svo er, að hve miklu leyti?

.....

– Hvert er áætlað vanskilahlutfall eftir flokkum lántakenda?

.....

– Hækka vextir ef um er að ræða aðstæður sem hafa í för með sér sérstaka áhættu?

já  nei

Eru vextir fastir, breytilegir, háðir hagnaði, eða blanda af þessu?

.....

Eru lánin víkjandi?

já  nei

2.4.4.  *Vaxtabætur:*

hámarksupphæð afsláttar:

.....

hámarkslánshlutfall (upphæð lánsins sem hundraðshluti af styrkhæfri fjárfestingu):

.....

hámarksgjaldfrestur:

.....

lánstími:

.....

2.4.5.  *Tilhögun ábyrgða*

Tilgreina skal þær tegundir lána sem heimilt er að ábyrgjast:

.....

Tilgreina skal aðferðina og þær breytur sem notaðar eru til að reikna styrkigildi ábyrgðarinnar, þ.m.t. gildistíma, hlutfall og lánsupphæð:

.....

Tilgreina skal þau gjöld sem ríkið greiðir til bankans:

.....

Hvert er áætlað vanskilahlutfall eftir flokkum lántakenda?

.....

Hver er hámarkshlutfall lánsins sem ábyrgðin nær til?

.....

Við hvaða skilyrði verður ábyrgðin virk?

.....

2.4.6.  *Opinber eignaraðild*

Tilgreina skal ef kerfið felur í sér aðstoð í formi opinberrar eignaraðildar

.....

Að hve miklu leyti vikur hin opinbera eignaraðild frá markaðsfjárfestareglunni?

.....

Leggja skal fram viðeigandi upplýsingar til að reikna aðstoðarpátt opinberrar eignaraðildar:

.....

2.4.7.  *Annað:*

.....

## 2.5. Er endurnýjunarfjárfesting útilokuð frá kerfinu?

já  nei

Ef svo er ekki, eru yfirvöld beðin að fylla út þann hluta í 3. undirkafla þessa eyðublaðs er varðar rekstrar-  
aðstoð.

2.6. Er aðstoð við fyrirtæki í erfiðleikum <sup>(2)</sup> og/eða aðstoð vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í fyrirtækjum í erfiðleikum útilokuð frá kerfinu?

já  nei

## 2.7. Fjárfestingaraðstoð reiknuð sem hlutfall af styrkhæfum efnislegum og óefnislegum kostnaði fjárfestingarinnar

Varða styrkhæf útgjöld samkvæmt kerfinu:

(<sup>2</sup>) Sbr. skilgreiningu í 16. kafla ríkisaðstoðarleiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA, um aðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki í erfiðleikum (Stjtið. EB L 274, 26.10.2000, og EES-viðbætur nr. 48).



2.7.1.  *Efnislegar eignir:*

Er virði fjárfestingarinnar reiknað á grundvelli <sup>(3)</sup>:

lands

bygginga

búnaðar/véla (áhalda)

fjármunaeigna, þegar um yfirtöku er að ræða

Lýsið í stuttu máli:

.....  
 .....

Eru eignirnar keyptar nýjar, að frátöldum kaupum á litlum og meðalstórum fyrirtækjum og yfirtöku?

já  nei

Tilgreinið nánar:

.....

Er næg trygging fyrir því að hvers kyns aðstoð, sem hefur verið úthlutað áður vegna kaupa á eignum við yfirtöku, hafi verið reiknuð með/dregin frá áður en kaupin fóru fram (sjá 43. gr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð)?

já  nei

Tilgreinið nánar:

.....

Hvernig er tryggt að viðskiptin fari fram á markaðskjörum ef um yfirtöku er að ræða?

.....

Er kostnaður, sem tengist kaupum á eignum, öðrum en landi og byggingum, samkvæmt fjármögnunarleigusamningi, talinn með í styrkhæfum útgjöldum?

já  nei

Felur leigusamningurinn í sér skuldbindingu um að kaupa eignina, aðra en land og byggingar, þegar leigusamningur rennur út?

já  nei

Heldur leiga á landi og byggingum samkvæmt fjármögnunarleigusamningi áfram í a.m.k. fimm ár eftir að fyrirhuguðu fjárfestingarverkefni lýkur, að því er varðar stórfyrirtæki og þrjú ár fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki?

já  nei

Ef einni ofangreindra spurninga er svarað neitandi skal útskýra hvernig yfirvöld hyggjast uppfylla nauðsynleg skilyrði:

.....

.....

<sup>(3)</sup> Í flutningageiranum myndast ekki réttur til fjárfestingaraðstoðar vegna útgjalda til kaupa á flutningatækjum (færanlegum eignum).

2.7.2.  Óefnislegar eignir:

Virði fjárfestingarinnar er reiknað á grundvelli útgjalda vegna tækniyfirfærslu vegna kaupa á:

- einkaleyfum
- leyfum
- verkþekkingu
- tækniþekkingu án einkaleyfa

Lýsið í stuttu máli

.....

.....

Hefur kerfið að geyma ákvæði um að útgjöld vegna styrkhæfrar óefnislegrar fjárfestingar megi ekki fara yfir 50% af heildarútgjöldum styrkhæfrar fjárfestingar fyrir verkefni ef um er að ræða stórfyrirtæki?

já  nei

Tryggir ráðstöfunin að styrkhæfar óefnislegar eignir:

- verði eingöngu notaðar í starfsstöðinni sem fær byggðaaðstoðina?
- teljist afskrifanlegar eignir?
- séu keyptar af þriðju aðilum á markaðskjörum?
- séu taldar með fjármunaeign fyrirtækisins og verði áfram í starfsstöðinni, sem fær byggðaaðstoð í a.m.k. fimm ár, ef um er að ræða stórfyrirtæki og þrjú ár ef um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki?

Komi eitt þessara skilyrða ekki skýrt fram í kerfinu skal greina frá ástæðum þess og hvernig yfirvöld ætla að virða þessar kröfur:

.....

.....

Fellir kerfið kostnað vegna undirbúningsrannsókna og ráðgjafarþjónustu, sem tengist fjárfestingunni, inn í styrkhæf útgjöld lítilla og meðalstórra fyrirtækja?

já  nei

Kveður kerfið á um að kostnaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna ráðgjafar takmarkist við aðstoðarhlutfall sem nemur allt að 50% af raunverulegum kostnaði sem stofnað er til?

já  nei

## 2.7.3. Hvaða trygging er fyrir því að aðstoð vegna upphaflegra fjárfestinga (bæði fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum) sé skilyrt því að fjárfestingin vari í a.m.k. fimm ár þegar um er að ræða stórfyrirtæki og þrjú ár þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki?:

.....

.....

## 2.8. Fjárfestingaraðstoð reiknuð á grundvelli launakostnaðar

## 2.8.1. Tryggir ráðstöfunin að aðstoð, sem reiknuð er á grundvelli launakostnaðar, tengist upphaflega fjárfestingarverkefningu?

já  nei

- 2.8.2. Tryggir ráðstöfunin að sköpun starfa merki hreina aukningu á fjölda starfsmanna (ALU) sem ráðnir eru beint til tiltekinnar starfsstöðvar miðað við meðaltal undanfarinna 12 mánaða, að frádregnum öllum störfum sem töpuðust á þessu 12 mánaða tímabili í sömu starfsstöð?

já  nei

- 2.8.3. Hvernig er tryggt að styrkhæfur kostnaður takmarkist við tvöfaldan launakostnað vegna atvinnusköpunarinnar sem rekstur styrktrar fjárfestingar hefur í för með sér?

.....

- 2.8.4. Tryggir ráðstöfunin að ráðið verði í stöðurnar innan þriggja ára frá því að verki lýkur?

já  nei

- 2.8.5. Tryggir ráðstöfunin að störfin, sem skapast, haldist á viðkomandi svæði í a.m.k. fimm ár (eða þrjú ár þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki) frá þeim degi þegar fyrst var ráðið í starfið?

já  nei

Ef einni ofangreindra spurninga er svarað neitandi skal útskýra hvernig yfirvöld ætla að fara að þessum kröfum:

.....

.....

### 3. Rekstraraðstoð

- 3.1. Hvaða beinu tengsl eru milli úthlutunar á rekstraraðstoð og framlags til byggðapróunar?

.....

.....

- 3.2. Hvaða kerfislægum annmörkum er rekstraraðstoðinni ætlað að ráða bót á?

.....

.....

- 3.3. Hvernig er tryggt að eðli og umfang rekstraraðstoðarinnar séu í hlutfalli við þá annmarka sem henni er ætlað að ráða bót á?

.....

.....

- 3.4. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að tryggja að dregið sé úr rekstraraðstoð í áföngum og að hún sé tímabundin?

.....

.....

- 3.5. Stendur kerfi rekstraraðstoðar öllum atvinnugreinum til boða?

já  nei

- 3.6. Er kerfinu ætlað að jafna aukinn flutningskostnað eða kostnað vegna starfsmanna?

já  nei

- 3.7. Ef einni ofangreindra spurninga (3.5–3.6) er svarað neitandi, hvernig er þá tryggt að farið sé að ákvæðum 67. gr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð?

.....

.....

- 3.8. Er rekstraraðstoð, sem ætlað er að styrkja útflutning, útilokuð?

já  nei

**Sérstakar spurningar varðandi jaðarsvæði og strjálbýl svæði**

- 3.9. Ef ekki er dregið smám saman úr rekstraraðstoð og hún er ekki tímabundin skal tilgreina hvort eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- 3.9.1. Hafa jaðarsvæði eða strjálbýl svæði ávinning af aðstoðinni?

já  nei

- 3.9.2. Er aðstoðin að hluta til þess að jafna aukinn flutningskostnað?

já  nei

Leggja skal fram sönnun fyrir þessum aukna flutningskostnaði og tilgreina reikningsaðferðina sem var notuð til að ákvarða fjárhæð hans (\*). Sérstaklega skal leggja fram sönnun fyrir því að farið sé að skilyrðunum í 70. mgr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð:

.....  
 .....

Tilgreina skal hámarksfjárhæð aðstoðar (á grundvelli aðstoðar miðað við hvert tonn/hvern kílómetra) og hlutfall þess aukakostnaðar sem aðstoðin tekur til:

.....  
 .....

- 3.9.3. Er aðstoðinni ætlað að koma í veg fyrir eða draga úr áframhaldandi fólksfækkun á strjálbýlum svæðum?

já  nei

Hvernig geta yfirvöld sýnt fram á að fyrirhuguð aðstoð sé nauðsynleg og við hæfi til að koma í veg fyrir eða draga úr áframhaldandi fólksfækkun og að hún hafi ekki áhrif á viðskiptaskilyrði í svo ríkum mæli að það brjóti í bága við sameiginlega hagsmuni?

.....  
 .....

**4. Aðstoð við nýstofnuð smáfyrirtæki**

*Upplýsingar um styrkþega*

- 4.1. Eru styrkþegar smáfyrirtæki, á þeim degi þegar aðstoðin er veitt, í skilningi 2. gr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004<sup>(5)</sup> eða reglugerðar sem kemur í stað hennar?

já  nei

- 4.2. Verður stjórnvaldið, sem veitir aðstoðina, að ganga úr skugga um að allir styrkþegar séu óháð fyrirtæki í skilningi 3. gr. I. viðauka við ofangreinda reglugerð?

já  nei

- 4.3. Tryggir kerfið að aðstoð sé eingöngu veitt smáfyrirtækjum sem hafa verið stofnuð innan fimm ára fyrir þann dag sem aðstoðin er veitt?

já  nei

(\*) Lýsingin skal endurspeгла hvernig yfirvöld ætla að tryggja að aðstoð sé eingöngu veitt vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga innanlands, að hún megi ekki verða að útflutningsaðstoð, að hún sé reiknuð á grundvelli beinustu og hagkvæmstu flutningsleiðar milli framleiðslu- eða vinnlustaðar og næsta útsölustaðar og að óheimilt sé að veita hana í tengslum við vöruflutninga fyrirtækja sem ekki geta starfað annars staðar.

(5) Lítil fyrirtæki í skilningi 2. gr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 364/2004 (Stjtið ESB L 63, 28.4.2004, bls. 22), sem var felld inn í EES-samninginn undir staflið f) í 1. lið XV. viðauka með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2004 frá 24. september 2004 (Stjtið ESB L 64, 10.3.2005, bls. 67, og EES-viðbætur nr. 12, bls. 49) eða reglugerðar sem kemur í stað hennar.

- 4.4. Lýsið fyrirkomulaginu sem komið er á til að tryggja að engin misnotkun á aðstoð verði á þann hátt að starfandi fyrirtækjum sé lokað til málamynda og þau stofnsett á ný til þess að fá þessa tegund af aðstoð:

.....  
 .....

*Landfræðileg beiting kerfisins*

- 4.5. Takmarkast aðstoðarkerfið eingöngu við svæði sem njóta aðstoðar?  
 já  nei
- 4.6. Styrkþegar stunda atvinnustarfsemi sína á eftirfarandi svæðum (tilgreinið nánar í samræmi við heiti svæðanna, eins og skilgreint er á byggðakortinu):

- Öll svæði sem njóta aðstoðar í viðkomandi EFTA-ríki  
 já  nei
- Svæði sem falla undir staflíð c) í 3. mgr. 61. gr.  
 já  nei

Tilgreinið svæðið eða svæðin (NUTS):

.....

*Styrkhæf útgjöld*

- 4.7. Er lögfræði-, ráðgjafar og stjórnsýslukostnaður, sem tengist beint stofnsetningu fyrirtækisins, talinn með í styrkhæfum útgjöldum?  
 já  nei

Ef svo er, tilgreinið nánar: .....

- 4.8. Er styrkhæfur kostnaður algerlega takmarkaður við kostnað sem stofnað er til á fyrstu fimm árunum eftir að fyrirtækið er stofnsett og, innan þessara fimm ára, við þann tíma meðan fyrirtækið uppfyllir skilyrðin um smáfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu bandalagsins?  
 já  nei

- 4.9. Tilgreinið á eftirfarandi lista hvaða kostnaður er talinn með í styrkhæfum útgjöldum:

- Vextir af utanaðkomandi fjármögnun
- Arður af eigin fé sem er notað sem ekki fer yfir viðmiðunarvexti
- Gjöld vegna leigu á framleiðsluáðstöðu eða -búnaði
- Orka, vatn, upphitunarkostnaður
- Skattar (aðrir en virðisaukaskattur og fyrirtækjaskattur á viðskiptatekjur)

Tilgreinið nánar: .....

- Stjórnunarkostnaður

Tilgreinið nánar: .....

- Afskriftir
- Gjöld vegna leigu á framleiðsluástöðu eða -búnaði
- Launakostnaður

Eru lögboðin almannatryggingagjöld talin með í launakostnaði?

já  nei

Að því er varðar afskriftir, gjöld vegna leigu á framleiðsluástöðu eða -búnaði og launakostnað, er hægt að staðfesta að undirliggjandi fjárfestingar eða atvinnusköpun og ráðstafanir vegna nýráðninga hafi ekki fengið eða muni ekki fá annars konar aðstoð?

já  nei

#### *Aðstoðarhlutföll*

- 4.10. Hvert er áformað aðstoðarhlutfall ráðstöfunar vegna styrkhæfra útgjalda, sem stofnað er til á fyrstu þremur árunum eftir stofnun fyrirtækjanna, eða vegna útgjalda sem tengjast beint stofnun fyrirtækisins?

... % fyrir svæði sem falla undir staflíð c) í 3. mgr. 61. gr.

- 4.11. Hvert er áformað aðstoðarhlutfall ráðstöfunar vegna styrkhæfra útgjalda, sem stofnað er til á fjórða og fimmta ári eftir stofnun fyrirtækisins?

... % fyrir svæði sem falla undir staflíð c) í 3. mgr. 61. gr.

- 4.12. Er aðstoðarhlutfallið hækkað um 5% eins og tilgreint er í 78. gr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð?

já  nei

Ef svo er, tilgreinið nánar:

- Fyrir strjálbýl svæði með færri en 12,5 íbúum á km<sup>2</sup>  
 já  nei
- Fyrir litlar eyjar þar sem íbúar eru færri en 5000  
 já  nei
- Fyrir önnur samfélög þar sem íbúar eru færri en 5000 og þurfa að þola sambærilega einangrun og eyjar  
 já  nei

Tilgreinið nánar svæðið eða svæðin: .....

- 4.13. Ef styrkþegar eru með starfsstöðvar sem eru á fleiri en einni gerð svæðis (staflíður c) í 3. mgr. 61. gr.) utan svæða sem njóta aðstoðar eða þeirra sem tilgreind eru í lið 4.12.) tilgreinið hvernig tryggt verður að hlutföll eða hugsanleg viðbót séu notuð eins og vera ber:

.....  
.....

#### *Fjárhæð aðstoðar*

- 4.14. Er hámarksfjárhæð, sem veitt er til styrkþega sem búa á svæðum sem falla undir staflíð c) í 3. mgr. 61. gr., ein milljón evra á hvert fyrirtæki?

já  nei

- 4.15. Takmarkast árleg fjárhæð aðstoðar, sem veitt er, við 33% af ofangreindum hámarksfjárhæðum?

já  nei

- 4.16. Lýsið tilhöguninni sem notast er við eða formi aðstoðar sem veitt er styrktum fyrirtækjum (t.d. styrkur, lán, o.s.frv.) og útlísið nákvæmlega hvernig aðstoðarhlutföll og hámarksfjárhæðir aðstoðar eru reiknuð út, einkum þegar tilhögun aðstoðar er ógagnsæ:

.....  
 .....

#### *Uppsöfnun*

- 4.17. Er hægt að veita opinberan stuðning í annari mynd á grundvelli sama styrkhæfa kostnaðar að því er varðar vexti á utanaðkomandi fjármögnun, arð af eigin fé sem er notað, gjöld vegna leigu á framleiðsluástöðu eða búnaði, orku, vatn, upphitunarkostnað eða skatta (aðra en VSK og fyrirtækjaskatta)?

já  nei

Ef svo er, lýsið fyrirkomulaginu sem komið er á til þess að tryggja að efri mörk aðstoðarfjárhæðar á hvert fyrirtæki, samanlagt og á ári sem og aðstoðarhlutföll verði virt:

.....  
 .....

#### **5. Gildissvið kerfisins eða sérákvæðnu aðstoðarinnar**

- 5.1. Tekur aðstoðarkerfið til allra atvinnugreina?

já  nei

Miðast aðstoðarkerfið við tiltekið athafnasvið?

já  nei

Ef svo er, útskýrið nánar

- 5.2. Tekur kerfið til flutningageirans?

já  nei

Ef svo er,

Flutningageirinn

- Sjóflutningar  
 Loftflutningar  
 Flutningar á vegum  
 Járnbrautarflutningar  
 Flutningar í þéttbýli  
 Flutningar á skipgengum vatnaleiðum  
 Samsettir flutningar

Stjórnun samgöngumannvirkja

- Hafnarmannvirki  
 Flugvallarmannvirki  
 Vegagrunnvirki  
 Járnbrautarmannvirki  
 Mannvirki fyrir flutninga í þéttbýli  
 Grunnvirki fyrir flutninga á skipgengum vatnaleiðum

Eftirlit

Mun ársskýrsla greina frá sérhverri stakri aðstoð sem fellur undir ofanefnda flokka sem og fjárhæð hennar og styrkþega?

já  nei

- 5.3. Tekur kerfið til skipasmíða?  
 já  nei
- 5.4. Virðir kerfið sérákvæði, s.s. bann við aðstoð til stáliðnaðarins <sup>(6)</sup> og/eða gerviefna <sup>(7)</sup>?  
 já  nei
- 5.5. Gerir kerfið ráð fyrir því að skylda um einstakar tilkynningar, eins og gert er ráð fyrir í undirkafla 25B.4.3 í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð – Aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna <sup>(8)</sup>?  
 já  nei

## 6. Uppsöfnun

- 6.1. Ef unnt er að sameina byggðaaðstoð samkvæmt einu kerfi aðstoð samkvæmt öðru kerfi eða öðrum kerfum, tilgreinið þá nánar, í hverju kerfi, hvaða aðferð er notuð til að tryggja að farið sé að skilmálum um uppsöfnun samkvæmt undirkafla 25B.4.4 í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð.  
.....
- 6.2. Er tryggt að ekki sé hægt að bæta svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð við minniháttarstyrk að því er varðar sömu styrkhæfu útgjöldin til að fara á svig við hámarksaðstoðarhlutföllin sem mælt er fyrir um á samþykktu byggðakorti?  
 já  nei
- 6.3. Ef aðstoð, sem hefur verið reiknuð á grundvelli (efnislegs eða óefnislegs) fjárfestingarkostnaðar, er sameinuð aðstoð sem reiknuð er á grundvelli launakostnaðar, varðar aðstoðarkerfið þá hámarkshlutfallið sem mælt er fyrir um fyrir viðkomandi svæði?  
 já  nei

## 7. Gagnsæi

- 7.1. Útilokar kerfið verkefni þar sem stofnað var til styrkhæfs kostnaðar fyrir útgáfudag endanlegs kerfis á Netinu (sjá 93. gr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð)?  
 já  nei

## 8. Aðrar upplýsingar

Hér skal tilgreina allar aðrar upplýsingar sem teljast skipta máli vegna matsins á viðkomandi ráðstöfun (ráðstöfunum) samkvæmt leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð.  
.....

<sup>(6)</sup> Í skilningi I. viðauka við leiðbeiningarnar um landsbundna byggðaaðstoð.

<sup>(7)</sup> Í skilningi II. viðauka við leiðbeiningarnar um landsbundna byggðaaðstoð.

<sup>(8)</sup> Vakin er athygli á að fylla þarf út sérstakt tilkynningaeyðublað (hluta III.5) þegar um er að ræða aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna.



## HLUTI III.5

**VIÐBÓTARUPPLÝSINGAEYÐUBLAÐ UM BYGGÐAÐSTOÐ VEGNA STÓRRA FJÁRFEST-  
INGARVERKEFNA**

*Þetta viðbótarupplýsingaeýðublað skal nota er tilkynnt er um hvers kyns svæðisbundna fjárfestingaraðstoð umfram mörk stakra tilkynninga sem skilgreind eru í 64. lið leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð fyrir tímabilið 2007–2013.*

*Þegar um ræðir sérákvæðna aðstoð (aðstoð sem er veitt utan gildandi kerfa) verða EFTA-rikin einnig að láta í té viðbótarupplýsingaeýðublað fyrir byggðaaðstoð (hluti III.4). Auk þess verða EFTA-rikin að sýna fram á að verkefnið stuðli að samræmdri byggðaðróun og að það, að teknu tilliti til eðlis og stærðar verkefnisins, leiði ekki til óviðunandi röskunar á samkeppni. Þá þurfa EFTA-rikin að sýna fram á að aðstoðin miðist ekki úr hófi við tiltekið athafnasvið og að hún hafi engin óhagstæð atvinnugreinabundin áhrif.*

*Eftirlitsstofnunin áskilur sér rétt til að biðja um frekari upplýsingar til þess að láta fara fram gagnert mat ef mörkunum fyrir slíkt mat, eins og skilgreint er í 57. gr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð, er náð.*

*Auk þessa viðbótarupplýsingaeýðublaðs eða -blaða verður EFTA-ríki að láta í té:*

*I. hluta – Almennar upplýsingar*

*II. hluta – Ágrip af upplýsingunum til birtingar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau*

*EFTA-ríkið verður einnig að láta í té viðeigandi fjárfestingarsamning, drög að aðstoðarsamningi og öll önnur viðeigandi gögn (ásamt viljayfirlýsingu þegar um ræðir sérákvæðna aðstoð) til þess að staðfesta að veiting aðstoðarinnar sé í samræmi við almennu reglurnar í leiðbeiningunum um landsbundna byggðaaðstoð fyrir 2007–2013 og öll önnur undirliggjandi aðstoðarkerfi.*

*Ef fjárhæðir eru gefnar upp í evrum eða öðrum gjaldmiðli, verður að gefa upp gengisforsendur (e. implicit exchange rate assumptions). Alltaf skal taka fram hvort fjárhæðir, sem nefndar eru, séu nafnfjárhæðir eða nívirtar fjárhæðir.*

**1. Viðbótarupplýsingar um styrkþega**

1.1. *Uppbygging fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem fjárfesta í verkefninu*

1.1.1. *Heiti styrkþega:*

.....

1.1.2. *Ef styrkþegi er annar lögaðili en fyrirtækið eða fyrirtækin sem fjármagna verkefnið eða þeim sem raunverulega þiggja aðstoðina ber einnig að tilgreina það.*

.....

1.1.3. *Tilgreinið nákvæmlega tengslin milli styrkþega og fyrirtækjahópsins sem hann tilheyrir og annarra tengdra fyrirtækja, þ.m.t. fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.*

.....

1.2. *Fyrir fyrirtæki sem fjárfesta í verkefninu skulu tilgreindar eftirfarandi upplýsingar fyrir a.m.k. þrjú næstliðin fjárhagsár (á samstæðugrundvelli):*

1.2.1. *Velta á heimsvísu, á Evrópska efnahagssvæðinu og í hlutaðeigandi EFTA-ríki:*

.....

1.2.2. *Hreinn rekstrarhagnaður, arðsemi fjármagns og frjálst sjóðstreymi:*

.....

1.2.3. *Starfsmannafjöldi á heimsvísu, á Evrópska efnahagssvæðinu og í hlutaðeigandi EFTA-ríki:*

.....

1.2.4. *Endurskoðaðir ársreikningar og ársskýrsla eða -skýrslur fyrir næstliðin þrjú ár:*

.....

1.3. *Ef fjárfestingin á sér stað í fyrirliggjandi starfsstöð (iðjuveri) skulu tilgreindar eftirfarandi upplýsingar fyrir a.m.k. þrjú næstliðin fjárhagsár fyrir þá einingu (upplýsingar um fyrirliggjandi starfsstöð eða iðjuver), þ.e.:*

1.3.1. Velta á heimsvísu, á Evrópska efnahagssvæðinu og í hlutaðeigandi EFTA-ríki:

.....

1.3.2. Hreinn rekstrarhagnaður, arðsemi fjármagns og frjálst sjóðstreymi:

.....

1.3.3. Starfsmannafjöldi:

.....

1.3.4. Styrkjasaga – Hefur styrkþegi notið styrkja vegna einhverrar annarrar fjárfestingar í sömu starfsstöð (iðjuveri) á næstliðnum þremur árum?

já  nei

Tilgreinið nánar ef svo er:

.....

1.4. *Fyrirtæki sem eiga í erfiðleikum*

Kemur aðstoðin fyrirtæki, sem á í erfiðleikum <sup>(9)</sup>, til góða eða verður hún notuð til endurskipulagningar í fyrirtæki sem á í erfiðleikum?

já  nei

Sé svo er vakin athygli á því að þar eiga við ákvæði 16. kafla ríkisaðstoðarleiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA, um aðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki í erfiðleikum.

## 2. Aðstoð

2.1. *Form aðstoðar*

Leggið fram nákvæma lýsingu á hverju formi aðstoðar:

.....

2.2. *Fjárhæð aðstoðar*

Fyrir hvert form aðstoðar skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar:

2.2.1. Styrkfjárhæð bæði að nafnvirði og núvirt:

.....

2.2.2. Fullkomin greiðsluáætlun fyrir fyrirhugaðan stuðning:

.....

Ef um er að ræða aðstoð sem veitt er í formi eftirgjafar á skatti í framtíðinni skal tilgreina hvernig hámark núvirtrar aðstoðarfjárhæðar verður ákvarðað:

.....

2.2.3. Gildandi núverandi aðstoðaráætlun eða -áætlanir, þ.m.t. heiti, númer ríkisaðstoðar og tilvísun í samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA, framlagning til bráðabirgðameðferðar eða viðbótarupplýsingaeyðublað samkvæmt reglugerð um undanþágu:

.....

2.2.4. Umsókn um aðstoð var lögð fram áður en hafist var handa við verkefnið.

já  nei

<sup>(9)</sup> Sbr. skilgreiningu í 16. kafla ríkisaðstoðarleiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA, um aðstoð til að bjarga og endurskipuleggja fyrirtæki í erfiðleikum.

2.3. *Eiginleikar*

2.3.1. Eru einhverjar þær ráðstafanir sem eru hluti heildaraðstoðarinnar enn ófrágengnar?

 já  nei

Ef svo er, tilgreinið nánar og útskýrið hvernig hámark núvirtrar heildaraðstoðar verður reiknað:

.....

2.3.2. Tilgreinið hverjar ofangreindra ráðstafana fela ekki í sér ríkisaðstoð og ástæður fyrir því:

.....

2.4. *Fjármögnun úr sjóðum bandalagsins og öðrum sjóðum*

2.4.1. Verða einhverjar ofangreindar ráðstafanir fjármagnaðar sameiginlega úr sjóðum bandalagsins (Fjárfestingarsjóði Evrópu, Félagsmálasjóði Evrópu, Byggingafróunarsjóði Evrópu eða öðrum sjóðum)? Útskýrið nánar.

.....

2.4.2. Verður sótt um viðbótaraðstoð vegna sama verkefnis frá einhverjum öðrum evrópskum eða alþjóðlegum fjármögnunarsjóðum?

 já  nei

Tilgreinið fjárhæðir ef svo er

.....

2.5. *Skýrslugjöf*

Vinsamlegast staðfestið að eftirfarandi skjöl verði látin Eftirlitsstofnun EFTA í té:

 afrit af aðstoðarsamningi milli styrkveitingaryfirvalda og styrkþega, innan tveggja mánaða frá veitingu aðstoðarinnar, stöðuskýrsla (þ.m.t. upplýsingar um aðstoðarfjárhæðir sem hafa verið greiddar, um framkvæmd aðstoðarsamningsins og um öll önnur fjárfestingarverkefni sem hafist var handa við í sömu starfsstöð/verksmiðju), á fimm ára fresti frá og með samþykkt Eftirlitsstofnunar EFTA á aðstoðinni, sundurliðuð lokaskýrsla, sem byggist á tilkynntri greiðsluáætlun, innan sex mánaða eftir greiðslu síðasta hluta aðstoðarinnar.**3. Verkefni sem hlýtur aðstoð**3.1. *Tímaáætlun*

Tilgreinið daginn sem áformað er að hefja fjárfestinguna, daginn sem áformað er að fjárfestingu ljúki og árið sem áætlað er að fullum afköstum verði náð, ef nauðsyn krefur fyrir hverja vöru sem fjárfestingarverkefnið tekur til.

.....

3.2. *Lýsing á verkefninu*

3.2.1. Tilgreinið tegund verkefnis og um hvort um er að ræða nýja starfsstöð, stækkun starfsstöðvar sem fyrir er, endurskipulagningu á framleiðslu starfsstöðvar yfir í nýjar viðbótarvörur, grundvallarbreytingar á öllu framleiðsluferli starfandi fyrirtækis, eða kaup óháðs fjárfestis á fjármunaeign sem tengist beint starfsstöð, sem hefur verið lokað eða myndi hafa verið lokað hefði hún ekki verið keypt:

.....

3.2.2. Lýsið verkefninu stuttlega:

.....

3.3. *Sundurliðun kostnaðar við verkefnið*

3.3.1. Tilgreinið heildarkostnað vegna fjárfestingarinnar meðan á verkefninu stendur:

.....

3.3.2. Sýnið ítarlega sundurliðun eftir ári og flokki (land, byggingar, búnaður/vélar eða annað) á styrkhæfum kostnaði sem tengist fjárfestingarverkefninu, þar sem við á fyrir hverja vöru sem fjárfestingarverkefnið tekur til:

.....

3.4. *Fjármögnun heildarkostnaðar*

Leggið fram nákvæma lýsingu á fjármögnun verkefnisins og hvernig tryggt verður að a.m.k. 25% styrkhæfs kostnaðar séu fjármögnuð á annan hátt en með opinberum stuðningi, þ.m.t. minniháttaraðstoð.

.....

**4. Eiginleikar framleiðsluvara og markaðar**

Eftir því sem við á skal í þessum undirkafla taka mið af samkomulagi um markaðssetningu eða öðru þess háttar fyrirkomulagi gagnvart öðrum fyrirtækjum við útreikning á framleiðslugetu og markaðshlutdeild (t.d. einkasöluleyfi).

4.1. *Eiginleikar framleiðsluvara sem verkefnið tekur til*

4.1.1. Tilgreinið alla vörur sem verða framleiddar eftir að fjárfestingu er lokið í iðjuverinu sem nýtur aðstoðar og tilgreinið, þar sem við á, kóða í vöruskrá EB eða í vöruflokkun Evrópubandalagsins fyrir verkefni í þjónustugreinunum.

.....

4.1.2. Munu vörurnar, sem fyrirhugaðar eru í verkefninu, leysa af hólmi aðrar vörur sem styrkþegi framleiðir (á samstæðugrundvelli)? Hvaða vara eða vörur verða leystar af hólmi? Ef gömlu vörurnar eru ekki framleiddar þar sem verkefnið er, tilgreinið þá núverandi framleiðslustað þeirra. Lýsið tengingunni á milli vörunnar sem leyst er af hólmi og núverandi fjárfestingar og gefið upp tímaáætlun fyrir nýju vörurnar.

.....

4.1.3. Hvaða aðrar vörur er hægt að framleiða með sömu nýju framleiðslutækjum (með sveigjanleika í framleiðslubúnaði styrkþega) með litlum eða engum viðbótarkostnaði?

.....

4.2. *Varan og viðkomandi markaður fyrir hana*

4.2.1. Gerið grein fyrir hvort verkefnið varðar hálfunna vöru og hvort verulegur hluti framleiðslunnar verður ekki seldur á markaði (á markaðskjörum). Tilgreinið á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, hvort viðkomandi vara er varan sem verkefnið tekur til eða hvort það er vara á síðari stigum framleiðslunnar svo hægt sé að reikna markaðshlutdeild og aukna framleiðslugetu á því sem hér fer á eftir.

.....

4.2.2. Tilgreinið staðgönguvörur í eftirspurn og staðgönguvörur í framboði fyrir viðkomandi vöru. Viðkomandi markaður fyrir vöruna tekur til vörunnar sjálfrar og vöru sem kemur í hennar stað í huga neytandans (sökum eiginleika vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar) eða framleiðandans (sökum sveigjanleika í framleiðslubúnaði styrkþega og keppinauta hans).

.....

4.3. *Upplýsingar um markaðshlutdeild*

Svara skal eftirfarandi spurningum fyrir allar viðkomandi vörur.

4.3.1. Að því er varðar beitingu staflíðar a) í 57. gr. leiðbeininganna um landsbundna byggðaaðstoð mun Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna líta svo á að EES sé viðkomandi landfræðilegur markaður. Færa skal rök fyrir því ef annar landfræðilegur markaður fyrir vöruna eða vörurnar er talinn eiga við.

.....

4.3.2. Áætlið alla sölu styrkþega á viðkomandi markaði (á samstæðugrundvelli, að verðmæti og magni), frá því árið á undan upphafsári fjárfestingarinnar til ársins eftir að full framleiðsluafköst hafa náðst á vörunni sem verkefnið tekur til. Ef við á skal leggja fram sölutölur sundurliðaðar eftir viðkomandi vöru og öðrum vöruflokkum sem styrkþegi hefur selt á viðkomandi markaði.

.....

4.3.3. Áætlið heildarsölu allra framleiðenda á viðkomandi markaði (að verðmæti og magni) frá því árið á undan upphafsári fjárfestingarinnar til ársins eftir að full framleiðsluafköst hafa náðst á vörunni sem verkefnið tekur til. Ef tölulegar upplýsingar frá hinu opinbera eða óháðum aðilum eru tiltækar skal hafa þær með.

.....

4.3.4. Gerið grein fyrir aðferðum sem liggja til grundvallar þessu mati og forsendum verðmats.

.....

#### 4.4. Markaðsþróun

Svara skal eftirfarandi spurningum fyrir allar viðkomandi vörur.

4.4.1. Leggið fram gögn um sýndarneyslu næstliðin sex fjárhagsár<sup>(10)</sup> (að verðmæti og magni) á viðkomandi markaði fyrir vöruna á EES. Einnig skal leggja fram forsendur verðmats. Ef tölulegar upplýsingar frá hinu opinbera eða óháðum aðilum eru tiltækar skal hafa þær með.

.....

4.4.2. Út frá ofangreindum tölum skal reikna samanlagt árlegt vaxtarstig (CAGR)<sup>(11)</sup> á sýndarneyslu á viðkomandi markaði á EES.

.....

4.4.3. Reikna skal út meðaltal árlegs vaxtastigs vergrar landsframleiðslu innan EES á næstliðnum fimm árum sem samanlagt árlegt vaxtarstig (CAGR) með því að nota tölur frá Eurostat<sup>(12)</sup> ([www.eu.int/comm/eurostat](http://www.eu.int/comm/eurostat) – sem stendur er hægt að finna þessar tölur undir slóðinni „Themes > Economy and finance > National accounts > Annual national accounts > GDP and main aggregates“).

.....

4.4.4. Er meðaltal árlegs vaxtastigs sýndarneyslu á viðkomandi vörumarkaði á EES næstliðin fimm ár undir meðaltali árlegs vaxtastigs vergrar landsframleiðslu á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnum fimm árum?

já  nei

#### 4.5. Mat á framleiðslugetu

Svarið eftirfarandi spurningum fyrir allar viðkomandi vörur.

Ef af lið 4.4 um markaðsþróun leiðir að meðaltal árlegs vaxtastigs sýndarneyslu á viðkomandi markaði er undir meðaltali árlegs vaxtastigs vergrar landsframleiðslu á næstliðnum fimm árum skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar:

4.5.1. Áætlið framleiðslugetuna sem fjárfestingin skapar (að magni og verðmæti).

.....

4.5.2. Áætlið allar breytingar á heildarafkastagetu styrkþega (á samstæðugrundvelli) á EES frá árinu á undan upphafsári verkefnisins til ársins eftir lokaár verkefnisins (að magni og verðmæti). Ef tölulegar upplýsingar frá hinu opinbera eða óháðum aðilum eru tiltækar skal hafa þær með.

.....

<sup>(10)</sup> Sýndarneysla er framleiðsla að viðbættum innflutningi og að frádrögnum útlutningi. Ef engin gögn um sýndarneyslu eru tiltæk má nota aðrar viðeigandi upplýsingar.

<sup>(11)</sup> CAGR er reiknað sem  $[y(t) / y(t - 5)]^{1/5} - 1$ .

<sup>(12)</sup> Heimilt er að nota ESB25 sem gildi fyrir EES í þessu samhengi.

- 4.5.3. Áætlið heildarsýndarneyslu á hverri vörutegund á viðkomandi markaði eða mörkuðum á EES fyrir árið á undan upphafsári verkefnisins og fyrir árið á eftir lokaári verkefnisins (að magni og verðmæti). Einnig skal leggja fram forsendur verðmats. Ef tölulegar upplýsingar frá hinu opinbera eða óháðum aðilum eru tiltækar skal hafa þær með.

.....

**5. Aðrar upplýsingar**

Hér skal tilgreina allar aðrar upplýsingar sem máli kunna að skipta (t.d. umhverfisáhrif eða -ávinningur) við mat á viðkomandi ráðstöfun eða ráðstöfunum.

.....

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA  
637/08/COL****2009/EES/30/02****frá 8. október 2008****um sextugustu og sjöttu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar**EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN <sup>(1)</sup>

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið <sup>(2)</sup>, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls <sup>(3)</sup>, einkum ákvæða 24. gr. og stafliðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflið b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber eftirlitsstofnuninni að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða eftirlitsstofnunin álitur það nauðsynlegt.

